

## Efni: Tímasett áætlun um úrbætur vegna bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir.

Í fyrra eftirliti ársins 2023 fór Elkem Ísland yfir BAT niðurstöður sem á við um rekstur fyrirtækisins. Í eftirlitinu kom fram frávik frá gr. 1.3 í starfsleyfi og 1. mgr. 38 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Unnið hefur verið markvisst að úrbótum undanfarin ár til að mæta kröfum settar fram í BAT. Undanfarin misseri hefur Elkem Ísland unnið að undirbúningi verkefna í töflunni hér að neðan.

BAT	Verkefni	Aðgerð	Áætluð tímasetning úrlausnar
10	Rauntímamælingar á ryki	Settir verða upp sex símælar á hreinsivirki. Tveir mælar verðir settir upp 2024 og fjórir 2025. Samráð verður haft við Umhverfisstofnun vegna mælitíðnar / útfærslu.	September 2025
	Símælingar á ryki eftir reykahreinsivirkjum 1,2 og 3(*)	Settir verða upp símælar á reykhreinsivirki 1, 2 og 3, samtals 3 mælar. Samráð verður haft við Umhverfisstofnun vegna mælitíðnar.	2030 – Reykhreinsivirki 1,2 & 3
	Sýnataka þungmálma í frárennsli	1. Fara yfir og skilgreina kröfur sem settar eru fram í BAT í samráði við Umhverfisstofnun 2. Uppfæra verklag í samræmi við niðurstöður	1. Nóvember 2024 2. September 2025
	Mælingar á NOx	1. Fara yfir og skilgreina kröfur sem settar eru fram í BAT í samráði við Umhverfisstofnun 2. Uppfæra úrbótaáætlun samhliða	1. Nóvember 2024 2. September 2025
155	Uppfærsla á hreinsivirki þökkunarhús MSP1 (K)	1. Skilgreining á tæknilegum búnaði. 2. Uppsetning á ryksöfnunarbúnaði MSP 1 (K)	1. Lokið 2. Desember 2030
	Uppfærsla á reykhreinsivirki 2	1. Forhönnun fyrir uppfærslu 2. Uppfærsla á tæknilegum búnaði og útskipti pokasía	1. Lokið 2. Desember 2026
	Uppfærsla á reykhreinsivirki 1	1. Forhönnun fyrir uppfærslu 2. Uppfærsla á tæknilegum búnaði og útskipti pokasía	1. Lokið 2. Desember 2029

\* Tæknin (mælibúnaðurinn) ekki til staðar en þróunarvinna er í gangi á búnaðinum í samstarfi við aðra kísilmálsframleiðendur. Fylgst er reglulega með framvindu, þá verður Umhverfisstofnun upplýst samhliða niðurstöðum og aðgerðaáætlunin uppfærð.